

# GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins ohf. (RARIK ohf.) fyrir sölu á heitu vatni.

## 1. Sala á heitu vatni.

Taxti	Gjald	Eining	Án vsk	Með vsk	Skýringar:
<b>Seyðisfjörður og Höfn:</b>					
<b>H1</b>	Fastagjald	kr/ár	21.044,00	21.530,00	Íbúðarhús
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	58,11	59,45	
	Orkugjald	kr/kwh	4,23	4,32	
<b>H2</b>	Fastagjald	kr/ár	21.044,00	21.530,00	Annað en íbúðarhús, án niðurgr.
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	58,11	59,45	
	Orkugjald	kr/kwh	4,43	4,53	
<b>H23</b>	Fastagjald	kr/ár	21.044,00	21.530,00	Stórnot/sundlaugar, án niðurgr.
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	116,77	119,46	
<b>Siglufjörður:</b>					
<b>H3</b>	Fastagjald	kr/ár	3.405,00	3.517,00	Hús eingöngu neysluvatn
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	199,67	206,24	
<b>H4</b>	Fastagjald	kr/ár	21.001,00	21.692,00	Hús með upphitun
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	113,25	116,98	
<b>Dalabyggð:</b>					
<b>H6</b>	Fastagjald	kr/ár	21.001,00	21.869,00	Hús í þéttbýli
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	113,25	117,93	
<b>H61</b>	Hemilgjald	kr/l/ár	25.672,00	26.732,00	Sumarhús í dreifbýli
	Fastagjald	kr/ár	12.835,00	13.365,00	
<b>H63</b>	Hemilgjald	kr/ár	139.047,00	144.790,00	Lögbýli, 25 kW
	Fastagjald	kr/ár	12.835,00	13.365,00	
<b>Blönduós:</b>					
<b>H7</b>	Fastagjald	kr/ár	21.001,00	21.942,00	Hús í þéttbýli og býli
	Vatnsgjald	kr/m <sup>3</sup>	113,25	118,33	
<b>H71</b>	Hemilgjald	kr/l/ár	25.672,00	26.822,00	Sumarhús í dreifbýli
	Fastagjald	kr/ár	12.835,00	13.410,00	

## 2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur.

### 2.1 Niðurgreiðslur.

Á taxa H1 er niðurgreidd orka sem er allt að 40.000 kWh á ári eða allt að 110 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu.

Niðurgreiðslan nemur 2,04 kr/kWh án vsk. eða 2,09 með vsk.

### 2.2 Virðisaukaskattur.

Virðisaukaskattur á húshitun er 7%.

Hluti þess virðisaukaskatts er endurgreiddur samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis hverju sinni.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts er mismunandi eftir stöðum og er samkvæmt eftirfarandi:

Höfn/Seyðisfjörður 67%, sem svarar til að greiddur sé 2,31% virðisaukaskattur.

Siglufjörður 53%, sem svarar til að greiddur sé 3,29% virðisaukaskattur.

Dalabyggð 41%, sem svarar til að greiddur sé 4,13% virðisaukaskattur.

Blönduós 36%, sem svarar til að greiddur sé 4,48% virðisaukaskattur.

## 3. Tengigjöld.

### 3.1 Tengigjöld í þéttbýli.

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 165.191 kr. án vsk. eða 176.755 kr. með vsk.

Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 62.768 kr. án vsk. eða 67.162 kr. með vsk.

### 3.2 Takmörkun.

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

### 3.3 Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærra en gildandi gjaldskrá segir til um samkvæmt lið 3.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

### 3.4 Tengigjöld í dreifbýli, frávík og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og aðrar stærðir heimæða í þéttbýli en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

### 3.5 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxa H.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu auk endurtengingargjalds 25.638 kr. án vsk. eða 27.432 kr. með vsk.

### 3.6 Breytingar.

Breytingar aðrar en stækkun á heimæð, eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

### 3.7 Annað.

Heimæðar eru í eigu RARIK en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

<b>4. Þjónusta.</b>		<b>Án vsk</b>	<b>Með vsk</b>
<i>4.1 Leigutaxti VL100</i>			
Mælaleiga	kr/ári	2.511	3.126
<i>4.2 Fjarmæliliði VL400</i>			
Liðaleiga	kr/ári	8.785	10.937
<i>4.3 Vanskilainnheimta VII00</i>			
Gjald lagt á útsendingu innheimtubréfs	kr/bréf	1.883	2.344
<i>4.4 Veitulokun VI200</i>			
Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma	kr/lokun	7.531	9.377
Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma	kr/opnun	0	0
Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma	kr/opnun	15.061	18.751
<i>4.5 Mælaálestrar VP100</i>			
Reglubundnir álestrar	kr/álestur	0	0
Aukaálestur starfsmanns veitu	kr/álestur	3.137	3.906
Aukaálestur, sjálfsálestur notanda	kr/álestur	0	0
<i>4.6 Útkall VP300</i>			
Útkall á vinnutíma	kr/útkall	7.531	9.376
Útkall utan vinnutíma	kr/útkall	15.061	18.751

## 5. Almennar skýringar.

### 5.1 Leigutaxtar.

Notendum er gefinn kostur á því að leigja mælitæki til innra uppgjörs. Uppsetning og álestrar eru ekki innifalin í mælaleigunni. Notendum er einnig gefinn kostur á því að leigja fjarmæliliða til að nálgast mæligögn til eigin nota. Uppsetning er innifalin í leigunni.

### 5.2 Innheimtugjald.

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubréfs.

### 5.3 Lokunargjald.

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna fyrir afhendingu á heitu vatni.

### 5.4 Aukaálestrar.

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, skriflega eða með innslætti á heimasíðu dreifiveitunnar.

### 5.5 Útkall.

Útkall vegna bilunar sem reynist vera í veitu (kerfi) notanda skal hann greiða samkvæmt gjaldskránni.

### 5.6 Greiðslumátagjöld.

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslmáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á geiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti o.s.frv.

## 6. Gildistaka og brottfall eldri gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn RARIK ohf., sbr. 6. gr. laga nr. 25/2006, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum.

Nr. 682

8. júlí 2008

*Iðnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2008.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Guðjón Axel Guðjónsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2008